

**Ed.**

**476. Frumvarp til laga**

[230. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1973 um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

**1. gr.**

15. gr. 7. málsgrein d-liðs laganna orðist svo:

Sá, sem gengur undir starfsbjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni til að stunda ný störf, nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 30 daga virka, ef hann naut slíkra bóta þegar starfsbjálfunin eða veran á námskeiðinu hófst, sbr. þó 2. mgr. 17. gr. Réttur til atvinnuleysisbóta helst óskertur, þótt bótaþegi sækji námskeið á vegum verkalýðssamtakanna eða almenn námskeið, sem miða að aukinni starfshæfni hans, enda standi þau skemur en einn mánuð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Við gerð síðustu kjarasamninga ASÍ lýsti ríkisstjórnin yfir því, að hún myndi beita sér fyrir að svohljóðandi ákvæði yrði sett í lög um atvinnuleysisbætur:

1. E) **Réttur til atvinnuleysisbóta** haldist óskertur þótt bótaþegi sækji námskeið á vegum verkalýðssamtakanna eða almenn námskeið, sem miða að aukinni starfshæfni hans, enda standi þau skemur en 1 mánuð.

Að athuguðu máli þykir eðlilegast að ákvæðið komi sem hrein viðbót við 7. málsgr. d-liðs 15. greinar laga nr. 57/1973 um atvinnuleysistryggingar. Með því móti ætti að vera tryggt, að ekki fælli niður sá réttur, sem bótaþegi nú kann að eiga eftir ákvæðum 7. málsgreinar.